

Aðföng
Skútuvoji 7
104 Reykjavík

Reykjavík, 12. júní 2023
UST202209-236/H.I.I.
07.06.02

Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 og 4 - Kröfur um úrbætur

Vísað er til meðfylgjandi bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 29.9.2022, þar sem tilkynnt var um eftirlit hjá Stórkaupum ehf. með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 (sóttþreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr) og 4 (vörur til sóttþreinsunar á svæðum fyrir matvæli og fóður), sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi, merkingar og 95 listann, sbr. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og skilyrði um merkingar, sbr. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Varan Hospitalssprit 70%, sem Aðföng er birgir fyrir, féll undir umfang eftirlitsins og var skoðuð hjá Stórkaupum ehf. Frávík frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

Umhverfisstofnun veitir Aðföngum frest til 3.7.2023 til að senda stofnuninni staðfestingu að bætt hafi verið úr frávíki vegna of lítilla hættumerkja á merkimiða vörunnar Hospitalssprit 70%.

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202209-236.

Fyrirliggjandi vörubirgðir skulu endurmerktar með uppfærðum merkimiða sem staðfestur hefur verið af stofnuninni.

Umhverfisstofnun veitir Aðföngum hér með frest til 19.6.2023 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða

birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 19.6.2023.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 206/2023 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunnar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið hafdisi@ust.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt

Hafdís Inga Ingvarsdóttir,
sérfræðingur

Helga Ösp Jónsdóttir
sérfræðingur

Meðfylgjandi:

- Tilkynning um eftirlit, dags. 29.9.2022
- Eftirlitsskýrsla